

Aðalfundur LSG 24. maí. 2016.

Skýrsla stjórnar fyrir tímabilið– 4.5.2015 til 24.05.2016.

Á fyrrgreindu tímabili voru haldnir 2 stjórnarfundir auk 2 funda í Hornstrandanefnd.

1. Aðalfundur LSG haldinn 4.05. 2015.

Á síðasta aðalfundi LSG sem haldinn var 4. maí 2015 í húsi Nýherja hf., Borgartúni 37 voru eftirtaldir kjörnir til trúnaðarstarfa :

Erling Ásgeirsson	formaður
Sölvi Rúnar Sólbergsson	varaformaður
Matthildur Guðmundsdóttir	ritari
Ingvi Stígsson	gjaldkeri
Hörður Ingólfsson	meðstjórnandi
Sigrún Þorvarðsdóttir	varamaður
Jósef H Vernharðsson	varamaður
Sigríður Gunnarsdóttir	varamaður

Ingibjörg Ásgeirsdóttir	skoðunarmaður reikninga
Brynjar Valdimarsson	skoðunarmaður reikninga
Jón Borgarsson	varaskoðunarmaður
Anna Ásgeirsdóttir	varaskoðunarmaður

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum var boðið upp á kaffiveitingar í boði félagsins.

2. Hornstrandanefnd

Aglýsing um friðlýsingu Hornstrandafriðlandsins:

- 9. gr. „[Umhverfisstofnun] og Landeigenda-félag Sléttu- og Grunnavíkurbrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.“
- Kemur inn með breytingu á friðlýsingunni 1985

Hornstrandarnefnd heyrir undir Umhverfisstofnun (UST).

Í Hornstrandanefnd sitja. Úr stjórn LSG Matthildur Guðmundsdóttir, Ingvi Stígsson og Erling Ásgeirsson. Frá Ísafjarðarbæ Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og Andrea Harðardóttir. Formaður nefndarinnar er Jón Smári Jónsson Sérfræðingur á sviði náttúru hjá Umhverfisstofnun er hann jafnframt starfsmaður nefndarinnar með aðsetur í Edinborgarhúsinu, Aðalstræti 7,

Á starfsárinu voru haldnir 2 fundur í Hornstrandanefnd.

Fundur nr. 1 í Hornstrandanefnd á starfsárinu í maí 2015.

Stækkun sumarhúss og bygging útigeymslu

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að byggingarmagn sé við hámark, en þar sem grenndaráhrif eru óveruleg samþykkir nefndin að veitt verði byggingarleyfi skv. fyrirbyggjandi uppdráttum.

Fundur nr.2 í Hornstrandanefnd á starfsárinu 24. maí 2016.

Dagskrá :

- Skipulagsmál innan friðlandsins
- Komur skemmtiferðaskipa
- Drög af nánari reglum varðandi umferð um friðlandið, vísun í [4.gr.](#) auglýsingar nr.332/1985.
- Framkvæmdir/verkefni innan friðlands 2015-2016.
- Skipulag landvörslu 2016
- Önnur mál...

Erindi frá stjórn LSG lagt fyrir Hornstrandanefnd 24.05 .2016.

Formaður Hornstrandanefndar

Jón Smári Jónsson

24. maí 2016

Sérfræðingur,

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Varðar samþykkt Bæjarstjórnar Ísafjarðar frá 7. apríl 2016 um stofnun lóða á Sæborg í Aðalvík.

„Sæborg í Aðalvík – stofnun þriggja lóða - 2016010020

453. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar leggur til við bæjarstjórn að lóðir 1, 2 og 3 verði stofnaðar samkvæmt uppdrátti. Nefndin bendir á að til að reisa nýtt hús á landi Sæborgar, Sæbóls og Garða þurfi að liggja fyrir samþykki allra eigenda jarðanna.

Til máls tóku: Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti og Sigurður J. Hreinsson.

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða. Tillagan samþykkt 9-0.“

Stjórn LSG telur að fyrgreint samþykkt sé ekki í anda gildandi aðalskipulags fyrir svæðið norðan Djúps sem samþykkt var í Bæjarstjórn Ísafjarðar 4.feb. 2010 af Skipulagsstofnun 18. mars 2010 og af Umhverfisráðherra Svandísi Svavarsdóttur 31. mars 2010. Nægir þar að vísa til töflu 7.12 í Aðalskipulagi 2008 – 2020 þar segir:

„Endurbyggja má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Ekkert verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar, sbr. töflu 7.12. Viðhalda skal ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð. Útlit húsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Frístundahús skulu staðsett í nágrenni við gömlu húsin. Minjar frá því fyrir 1950 eru verndaðar sérstaklega. Ekki skal spilla náttúruminjum með byggingum og viðhalda skal landslagsheildum og líffræðilegum fjölbreytileika. Framkvæmdir skulu nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.“

Á Borg sem er nýbýli út úr Garðajörðinni stóð eitt íbúðarhús á 1908 til 1965. Þar standa nú þegar 2 hús og þar af leiðandi eru frekari byggingar ekki mögulegar. Með vísan til mæliblaðs sem gert er af Teiknistofunni Eik ehf 17.12.2015 kemur fram að lóð 1 er mörkuð um Sjávarborg sem reist var á

grunni gamla íbúðarhúsins fyrir u.þ.b. 20 árum, lóð 2 er mörkuð um Borg sem er sumarbústaður sem þar var reistur fyrir u.þ.b. 30 árum.

Það er augljóst að mörkun lóðar nr. 3 þjónar þeim tilgangi einum að byggja upp með umsækjendum óraunhæfar væntingar um að þar megi byggja í framtíðinni. Stjórn LSG lýsir vonbrigðum sínum á því að máli þessu var ekki vísað til Hornstrandanefndar, (UST) til umsagnar, svo sem venja er, sem hefði komið í veg fyrir þau augljósu mistök sem orðið hafa við afgreiðslu málsins.

Aðkoma eigenda Sæbóls og Garða er engin.

Rétt er að benda á að stök lóðamál geta oft snert stærri landamerkjumál og slíkt er æskilegt að leysa í samráði landeigenda á svæðinu. Þar sem útmörk Sæborgarlandsins (8,7ha) eru sýnd með afgerandi hætti (án þess að tengjast beint lóðunum þremur) eru þau borin hér fram einhliða og mætti því síðar líta svo á að þau væri samþykkt af öðrum landeigendum óafvitandi með fálæti sínu. Það ætti þess vegna að vera ófrávíkjanleg regla Ísafjarðarbæjar að beina málum sem þessum í grendarkynningu og óska umsagnar nálæggra jarðareigenda.

Stjórn landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurbæjar óskar eftir umræðu um málið í Hornstrandanefnd og í framhaldinu verði óskað eftir rökstuðningi Ísafjarðarbæjar fyrir fyrrgreindri afgreiðslu.

Með vinsemd og virðingu
F.h. stjórnar LSH
Erling Ásgeirsson form.

Á starfsárinu voru haldnir 2 stjórnarfundir

Stjórnarfundur nr. 1 haldinn í nóvember 2015 rætt var um starfið sumarið 2015 vaxandi fjöldu skemmtiferðaskipa vekur mönnum ugg. Rætt um fyrirhugaðan félagsfund á Ísafirði á starfsárinu.


Stjórnarfundur nr.2 haldinn í apríl 2016. Lokaundirbúningur fyrir félagsfund á Ísafirði 28. apríl 2016. Fundarstaður verður Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði kl 20, gestur fundarins verður Jón Halldór Halldórsson bæjarstjóri. Matthildur boðar forföll á fundinum á Ísafirði af persónulegum ástæðum. Frummælendur verða Erling Ásgeirsson form. LSG og Ingvi Stígsson gjaldkeri LGS aðrir sem verða í þálfel eftir framsögu erindi verða Sölvi Sólbergsson varaform. og Hörður Ingólfsson meðstjórnandi.

Félagsfundur LSG haldinn á Ísafirði 28. apríl 2016 í Stjórnsýsluhúsinu 4. hæð. Fundurinn fór afar vel fram og aðsókn fór fram úr björtustu vonum 37 manns sóttu fundinn. Umræður voru málefnalegar og lögðu fundarmenn fram fjölda spurningafyrir stjórnarmenn LSG. Sjá meðfylgjandi yfirlit.

Fundur hófst 20:10 og lauk 22:15

Fundarmenn voru 37

Á fundinum fór Erling Ásgeirsson yfir tilurð og stofnunar félagsins og sögu þessi í upphafi. Ingvi Stígsson yfir reikninga félagsins, og sýndi tölur yfir félagsmenn.



Hvaðan eru félagsmenn?

- | | |
|---|--|
| <ul style="list-style-type: none">• Aðalvík 66<ul style="list-style-type: none">– Látrar/Miðvík 34– Sæból/Þverdalur 32• Hornvík 21• Hesteyri 15• Fljótavík 10• Sléttuhreppur – aðrir 3• Grunnavíkurbreppur 10 | <ul style="list-style-type: none">• Reykjavíkurbreppur 82• Vestfirðir 30• Reykjanes 6• Suðurland 5• Akureyri 2 |
|---|--|

Að loknum kynningum Erlings og Ingva fóru fram umræðu og fara hér á eftir helstu atriði sem rædd voru.

Lögmæti friðlands

Eftirfarandi fullyrðingu var sett fram „Til að stofna friðland hefði þurft undirskrift allra landeigenda“

- Friðlandið stofnað skv. lögum um náttúruvernd nr. 47/1971
 - 28. gr. leyfir friðun skv. samkomulagi við landeigendur og þarf þá samþykki allra.

EN

- 30. gr. leyfir friðun með tilkynningu og höfðu hlutaðeigandi 4 mánuði til að mótmæla eða gera bótakröfur
 - Fyrsta tillaga send út 2. febrúar 1973
 - LSG stofnað 10. mars 1973
 - Endurbætt friðlýsingartillaga auglýst 10. maí 1973 í Lögbirtingablaðinu
 - Nokkrar athugasemdir berast
 - Gaukur Jörundsson lagaprófessor sendir Náttúruverndarráði umsögn um athugasemdirnar 19. janúar 1975
 - Friðlandið stofnað með auglýsingu í Stjórnartíðindum 27. febrúar 1975

Þegar friðið var með 30. gr. þurfti ekki samþykki allra landeigenda, en þeir gátu gert bótakröfu.

Umferð vélknúinna ökutækja

Nokkur umræða varð um vélknúin ökutæki, vélsleða og fjór- og sexhjól

- Mikilvægt er að þeir sem dvelja inn á svæðinu sýni hver öðrum virðingu við notkun á vélknúnum ökutækjum. Flestir eru að leita að frið og ró.
- Reglur friðlandsins segja: „2. Umferð vélknúinna farartæka utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.“
- Land- og húseigendur eiga auðveldlega að fá leyfi frá Umhverfisstofnun til að vitja eigna sinna að vetri til á vélsleðum.
- Samkomulag milli LSG og Umhverfisstofnunar var gert á sínum um fjór- og sexhjól. Skv. því má fá leyfi til að nota hjólin til að fara frá fjöru að húsi með farangur og efni.

Umferð ferðamanna og komur skemmtiferðaskipa

Nokkrar athugasemdir voru gerðar við að skemmtiferðaskip væru að setja farþega sína í land oft tugir eða hundruðir í einu.

- Komur skemmtiferðaskipa hafa verið í athugun hjá Ísafjarðarbæ, Ísafjarðarhöfnum, Umhverfisstofnun og LSG.
- Nóg er fyrir skemmtiferðaskip að koma í höfn á einum stað og fá tollafgreiðslu þar og senda svo fólk í land á öðrum stöðum.

- Setja þarf upp verndaráætlun fyrir friðlandið og koma böndum á ferðalanga. Stilla þarf upp ákveðnum gönguleiðum og ákveða hvenær hvaða umferð má vera hvar.
- Skv. 4. gr. friðlýsingar getur Umhverfisstofnun sett nánari reglur um umferð um svæðið.

Réttur landeigenda skv. lögum um náttúruvernd nr. 70/2013

- 23. gr. *Takmarkanir á heimild til að tjalda.*
Eigandi lands eða rétthafi getur takmarkað eða bannað að tjöld séu reist þar sem veruleg hættu er á að náttúra landsins geti beðið tjón af.
Hafi eigandi lands eða rétthafi útbúið sérstakt tjaldsvæði á landi sínu er honum heimilt að beina fólki þangað og taka gjald fyrir veitta þjónustu þar. Sé tjaldsvæði í næsta nágrenni eignarlandsins getur eigandinn einnig beint fólki þangað.
- 24. gr. *Skipulegar hópferðir.*
Þegar skipulagðar eru hópferðir um eignarlönd í byggð eða þar sem ónæði gæti valdið við nýtjar **skal hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans.**
- 25. gr. og 25. gr. a. Takmörkun umferðar vegna ágangs ferðamanna

Fiskeldi í Jökulfjörðum

Umræður urðu um fiskeldi í Jökulfjörðum. Voru sumir alfarið á móti kvíum í Jökulfjörðum en aðrir töldu málið ekki koma LSG við.

- Arnarlax hefur sótt um leyfi fyrir kvíum fyrir 10.000 tonn. Annars vegar undan Gathamri og Staðarhlíð milli Grunnavíkur og Höfðastrandar og hins vegar við Öskuhlíð milli Hesteyrarfjarðar og Veiðileysufjarðar.



Sormál og fasteignagjöld

Á fundinum var minnst á sorpeyðingargjald sem fundarmönnum þótti hátt. Húsafólk reynir að nýta rusl eins hægt er, t.d. í kamínur og til moltugerðar. Rusl sem fer til baka úr friðlandinu er því lítið.

- Sú skoðun kom fram að fasteignagjöld væru of há.
- Sorpeyðingargjöld Ísafjarðarbæjar voru kærð til úrskurðarnerndar umhverfis- og auðlindamála 2013. Úrskurður féll 2014, þar segir
- „Sveitarfélagi er [...] ekki talið skylt að reikna út kostnað við meðhöndlun sorps hvers íbúa eða fasteignar, heldur heimilt að jafna heildarfjárhæð niður á áætlaðan fjölda notenda, [...] Sveitarstjórn var því heimilt að ákveða að tiltekið fast gjald yrði lagt á kæranda vegna fasteignar hennar. [...] Þá var heildarkostnaður sveitarfélagsins samkvæmt framlögðum gögnum hærri en heildarútgjöld þess. Í samræmi við framangreint verður kröfu kæranda hafnað.“
- Bæjarstjóri taldi mörg verkefni óleyst hjá sveitarfélaginu og ekki forgangsverkefni að lækka að skatta.

Hús og lóðaskráning

Á fundinum kom fram að erfiðlega gengur að þinglýsa eignarhaldi á hús þegar land er óskipt. Krafa er um að hús standi á skilgreindum og skráðum lóðum.


- Nú er orðið mjög erfitt að breyta þinglýstum eigendum að húsum nema til staðar séu lóðir, skráðar í fasteignaskrá þjóðskrár.
- Land- og húseigendur eru hvattir til að koma lóðaskráningu og lóðasamningum í gott horf.

Önnur mál

- Þjóðlendumál
- Lausaganga hunda

Erindi Matthildar Guðmundsdóttur tekið saman fyrir félagsfund á Ísafirði 28.apríl 2016:

(Matthildur gat ekki setið fundinn af persónulegum ástæðum og flutti þess vegan ekki erindi sitt, því miður.)



Nokkur atriði úr sögu Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps Stofnun Landeigendafélagsins


Þann 2. febrúar 1973 sendi Náttúruverndarráð út tillögu um að friðlýsa allan Sléttuhrepp og þann hluta Grunnavíkurhrepps sem væri norðan Skorarheiðar.

Nokkrir landeigendur á þessu svæði hóuðu sig saman og héldu fund heima hjá Guðna Jónssyni frá Sléttu. Á fundinum var ákveðið að stofna félag landeigenda sem gætti hagsmuna þeirra og réttinda við slíka breytingu. En allt þetta svæði var komið í eyði. Hafist var handa við að gera uppkast að lögum fyrir félagið og stofnfundur var haldinn **10. mars 1973**. Félagið fékk nafnið **Landeigendafélag Sléttu – og**

Grunnavíkurhrepps og í fyrstu stjórn voru kosnir: Guðni Jónsson, Sléttu, formaður, Sigurjón Hilaríusson, Steinólfsstöðum, ritari, Þorvarður Jónsson, Látrum og Neðri – Miðvík, gjaldkeri og meðstjórnendur Arnór Stígsson, Horni og Magnús Guðmundsson, Þverdal. Varamenn voru kosnir Guðmundur Sigurðsson, Hesteyri, Þórður Júlíusson, Fljótavík og Magnús Guðmundsson, Hesteyri.



Margir landeigendur komu á fundinn og að auki komu frá Náttúruverndarráði: Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Eypór Einarsson varaformaður og Páll Líndal, lögfræðingur þeir upplýstu fundarmenn um áætlun Náttúruverndarráðs um friðlýsinguna. Eftir þennan fund hófust viðræður milli stjórnar Landeigendafélagsins og stjórnar Náttúruverndarráðs og 1975 var birt auglýsing um friðlýsinguna sem aðilar komu sér saman um. Stjórnin hafði annast samskipti við Náttúruverndarráð, en á þessu tímabili fluttu af landinu formaðurinn og ritarinn í stjórn Landeigendafélagsins og enginn aðalfundur var haldinn fyrr en **7. maí 1983**, eða 10 árum eftir stofnun félagsins eftir að skorað var á aðra stjórnarmenn að undirbúa aðalfund og kjósa nýja stjórn sem halda skyldi aðalfund annað hvert ár. Þorvarður Jónsson var kosinn formaður og gegndi því embætti til ársins 2001 eða í 18 ár. Erling Ásgeirsson tók þá við formennsku og hefur gegnt því síðan og samkvæmt núverandi lögum er boðað til aðalfunda árlega.



Hornstrandanevnd

Árið 1985 var talin þörf á formlegu samstarfi Landeigendafélagsins og Náttúruverndarráðs svo að stofnuð var samstarfsnefnd sem skipuð var 6 fulltrúum, þremur frá hvorum aðila. Þessi samráðsnefnd fékk nafnið Hornstrandanevnd og starfar enn en þær breytingar hafa orðið að í stað þriggja fulltrúa frá Náttúruvernd eru 2 fulltrúar frá Ísafjarðarbæ og einn frá Umhverfisstofnun sem jafnframt er formaður nefndarinnar, en áfram eru 3 fulltrúar frá stjórn LSG. Hornstrandanevnd er ráðgjafanefnd um málefni friðlandsins og ber að leggja öll málefni er varða friðlandið fyrir nefndina til umsagnar Eins og nærri má geta hafa miklar breytingar orðið frá stofnun félagsins á lögum og reglugerðum sem tengjast Landeigendafélaginu og því eitt af hlutverkum stjórnarinnar og Hornstrandanevndar að fylgjast vel með landslögum, svo sem reglum um akstur vélknúinna tækja og bygginga.



Sem dæmi má nefna að 1991 var sérstakt leyfi veitt Sölva Jónssyni í Stakkadal fyrir að mega nota vélknúð þríhjól til að komast að bústaðnum sínum sem er langan veg frá lendingu á Látrum og sandurinn á leiðinni gat verið þungur að ganga með farangur fyrir háaldraðan mann.



Fyrstu reglur um byggingu sumarhúsa byggðust á að eiga að minnsta kosti hálf hundrað lands að fornu mati. Áleitnar spurningar vöknúðu um hvað væri hálf hundrað? Matið byggðist á ýmiss konar landgæðum en ekki flatarmáli, svo sem hlunnindi eins og reka, hvannatekju, slægjum á engjum, fuglatekju, silungsveiði eða jafnvel skafli sem hægt var að bræða í vatn ef erfitt var um vatn á staðnum.

Þessum reglum varð að sjálfsögðu að breyta í takt við landslög.

Mörg erindi hafa borist Hornstrandanevnd frá upphafi til þessa dags og nefndin haft áhrif á meðferð margvíslegra mála stórra og smárra.



Ýmis mál

Á fyrstu árunum voru miklar umræður um hvort menn mættu vera með byssur til að veiða sel og fugla og farga mink og ref, einnig hvort ekki mætti fara um svæðið á hestum. Eftir mikið þóf í nokkur ár náðist samkomulag um friðun refa og menn ganga ekki um með skotvopn né fara ríðandi um svæðið. Fljótlega kom fram ósk um áætlunarferðir með Djúpbátnum eftir að menn fóru að byggja sumarhús eða endurbæta gömlu húsin.




Enn í dag hafa landeigendur mikla þörf fyrir góðar áætlunarferðir og óskir um góðar ferðir er stöðugt áhugamál. Sorpeyðing er mál sem rætt var á fyrstu árum félagsins og er enn til skoðunar.

En eftir að Sléttuhreppur og hluti af Grunnsvíkurhreppi fóru í eyði varð þetta svæði utan við öll sveitarfélög landsins, eða eins og einn alþingismaðurinn sagði „einskismannsland“ Stjórnvöld gerðu því kröfu um að þessir fyrrum hreppar sameinuðust byggðu sveitarfélagi, annað samræmdist ekki lögum landsins.




Sameining Sléttuhrepps og Ísafjarðarbæjar

Félagsmálaráðuneytið sendi bréf til bæjarstjórnar Ísafjarðar í **mars 1992** um að ráðuneytið hefði ákveðið að sameina Sléttuhrepp Ísafjarðarkaupstað. Áður en sameining yrði var Ísafjarðarkaupstað gefinn kostur á umsögn um málið. Eftir fundarhöld var erindið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og tillögu um að sameina einnig friðlýsta svæðið í Grunnavíkureppi og síðan allan Grunnavíkurepp og Snæfjallahrepp. Sameiningin var kynnt fyrir félagsmönnum LSG á aðalfundi í apríl sama ár og á almennum fundi ári seinna eða í júní 1993 .



Á félagsfundinum voru samþykkt harðorð mótmæli við sameiningunni og send umhverfis- og félagsmálaráðuneytum. Það var svo á aðalfundi LSG 1995 sem samþykki náðist meðal félagsmanna og sameiningin gekk í gildi **14. des. 1995**



Stefnumörkun í skipulags og byggingamálum

Sama ár og Félagsmálaráðuneytið gaf út tilskipan um að sameina Sléttuhrepp Ísafjarðarbæ árið 1992, samþykkti Skipulagstjórn ríkisins að kosta og stuðla að gerð skipulagsáætlunar fyrir Sléttu – og Snæfjallahrepp. Markmið stefnumörkunarinnar var að móta heildarstefnu þar sem reynt skyldi að samræma sjónarmið náttúru- og minjavernd sjónarmiðum landeigenda og ferðamanna um landnotkun. Skipuð var samráðsnefnd með fjölda fulltrúa frá þeim sem talið var að hagsmuna hefðu að gæta.



Félagsmönnum í Landeigendafélaginu var gefinn kostur á að senda inn athugasemdir við drög nefndarinnar, en lítið sem ekkert tillit var tekið til þeirra athugasemda sem bárust. Það voru því margir ekki sáttir við þá greinagerð sem kom út í febrúar 1995 og var ætlað að gilda til ársins 2015

1997 var haldinn fundur með stjórn Landeigendafélafsins og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ásamt sýslumanni Ísafjarðarsýslu og voru mál rædd sem varða samvinnu um málefni friðlandsins.



Tveimur árum síðar var boðað til málþings á vegum Náttúrustofu Vestfjarða og fleiri aðila með afar vandaðri dagskrá um jarðfræði, gróðurfar, dýralíf, fornminjar og sögu friðlandsins.

Árið 2003 var svo gerður samningur við Ísafjarðarbæ um að hafa umsjón með friðlandinu.

Margt fleira gæti ég nefnt en læt hér staðar numið með því að minnst á Aðalskipulag sem kom fram árið 2008 og lögð var mikil vinna í af hálfu sveitarfélagsins og tengdra aðila. Í þeirri vinnu var gott samstarf við Landeigendafélagið.



Það hefur sýnt sig að Landeigendafélagið hefur gegnt stóru hlutverki til hagsbóta fyrir félagsmenn og sjálft eignarlandið og nauðsynlegt að fjölga félögum og hvetja stjórnina til að halda vöku sinni.

Erindi Erlings Ásgeirssonar formanns LSG flutt á félagsfundi 28. apríl 2016:

Nokkrir þankar um skipulagsmál í friðlandinu á Hornströndum. (tekið saman fyrir félagsfund LSG á Ísafirði 28 apríl 2016)

Af lestri fundargerða frá fyrstu starfsárum Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurrepps (LSG) má ráða að stjórnarmenn hafi átt fullt í fangi við að gæta hagsmuna landeigenda og verjast ágangi ríkisins þ.e.a.s. Núttúruverndarráðs. Tildrög að stofnun LSG 1973 var boðuð friðlýsing á þeim hluta hreppsins sem var norðan Skorarheiðar. Eitt fyrsta verk stjórnar hins nýstofnaða félags var að gera athugasemdir við friðlýsingaráformin og senda inn kröfur um skaðabætur til handa landeigendum.

Breyttir þjóðfélagshættir leiddu til almenns fólksflóttu úr hreppnum í lok síðari heimstyrjaldarinnar. Tiltölulega fljótt kom upp sú staða að þeir sem í raun vildu þrúka áfram gátu það ekki vegna þess fámennis sem þá var orðið. Síðustu íbúar hreppsins fluttu þaðan alfarnir á brot 1952. Viðhorf hinna brottfluttu eigenda og þeirra nánustu afkomenda voru mörkuð af þeirri staðreynd að þáverandi stjórnvöld skelltu skollaeyrum við flestum þeim hugmyndum er frá hreppnum komu um verkefni og aðgerðir er styrkt gætu byggðina þannig að búseta héldist þar áfram. Bændur gengu frá búum sínum nánast slippir og snauðir. Margir litu á það þannig að friðlýsingin væri kornið sem fyllti mælinn. Samskipti við Náttúruverndarráð voru lítill og stíð, næstu ár, ein og ein umsókn um byggingu sumarhúsa í friðlandinu var samþykkt af ráðinu og en önnur byggð án þess að spyrja kóng eða prest.

Reglugerð um friðlandið 1985

Nokkur vatnaskil verða 1983. Eftir aðalfun LSG þann fyrst eftir nokkura ára hlé var kölluð saman samráðsnefnd LSG og Náttúruverndarráðs til að fjalla um gerð nýrrar auglýsingar um friðland á Hornströndum. Gekk þar á ýmsu, leitað var fanga víða og hagsmunaaðilar fengu a.m.k. tækifæri til að koma með sínar athugasemdir.

Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra gaf síðan út auglýsingu um friðland á Hornströndum **nr. 332/1985 13. ágúst 1985 og er sú auglýsing enn í gildi.**

Rétt er að vekja athygli á 9 gr. Auglýsingarinnar en þar segir “ Náttúruverndarráð og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurrepps tilnefna hvor um sig 3 menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins” . Hér urðu viss tímamót í samskiptum LSG við yfirvöld. Fyrirkomulagið breyttist síðar þannig að Ísafjarðarbær er með 2 menn í nefndinni og Umhverfisstofnun 1 sem er jafnframt framkvæmdastjóri nefndarinnar og LSG á 3 menn í nefndinni. Í kjölfarið voru samdar reglur um bygginarleyfi í friðlandinu , undanþágur er heimila notkun léttra fjórhjóla með ströngum skilyrðum. Hér er komin vísir að skipulögðum vinnubrögðum er urðu strax til nokkurra bóta.

Sameining Sléttuhrepps við Ísafjarðarkaupstað

Næsta verulega hreyfinginn í málefnum friðlandsins verður 28. Feb 1992 er Eiður Guðnason umhverfisráðherra ritar bréf til hlutaðeigandi aðila um veitingu byggingarleyfa og byggingareftirlit í Sléttuhreppi. Lagði ráðherra til að þessi verkefni yrðu falin Ísafjarðarkaupstað. Í kjölfarið þ.e.a.s. 24 mars sama ár þá sendir sami

ráðherra bréf til Ísafjarðarbæjar þar sem hann tilkynnir að hann hafi ákveðið að sameina Sléttuhrepp Ísafjarðarkaupstað. Sameiningaráformin voru rækilega kynnt fyrir félagsmönnum í LSG. Á félagsfundi voru samþykkt harðorð mótmæli og þau send til umhverfis- og félagsmálaráðuneytisins. Grunnavíkurreppur og Snæfjallahreppur eru sameinaðir Ísafjarðarkaupstað 11. Júní 1994 og Sléttuhreppur síðan 14. Des. 1995 eftir miklar og heitar umræður innan félagsins.

Stefnumótun í skipulags og byggingarmálum 1995-2015

Skipulagsstjóri ríkisins Stefán Thors ritaði bréf til hagsmunaaðila friðlandsins 14 janúar 1993 þar sem farið var fram á tilnefningu fulltrúa í samráðshóp til að vinna að stefnumótun í skipulagsmálum fyrir Sléttu- og Snæfjallahreppa fyrir tímabilið 1995 – 2015. Ráðnir voru starfsmenn til verksins þau Guðmundur L Hafsteinsson arkitekt og Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir landfræðingur. LSG tilnefndi þrjá stjórnarmenn til verksins af sinni hálfu. Haldnir voru fjórir samráðsfundir og kynningarfundur í Rúgbrauðsgerðinni í Reykjavík. Greinargerð með stefnumótun í skipulags- og byggingarmálum Sléttuhrepps 1995-2015 var gefin út 26. Apríl 1995. Greinargerðin var send til hagsmunaaðila til umsagnar. 22 athugasemdir bárust. Eftir skoðun voru einhverjar athugasemdir teknar til greina og greinargerðinni breyt í framhaldi af því. Greinargerðin var send í endanlegri mynd til Ísafjarðarkaupstaðar til loka afgreiðslu. Fullyrða má að greinargerðin um skipulag Sléttuhrepps 1995-2015 *hlaut aldrei hljómgrunn hjá félögum í LSG þrátt fyrir góða viðleitni þeirra stjórnarmanna er sátu í samráðshópnum*. Vegur þar þungt að enn sátu í mönnum sárindi og tortryggni gagnvart stjórnvöldum vegna fortíðarinnar, brottflutningsins úr hreppnum og friðlýsingarinnar og svo síðast einhliða ákvörðunnar um sameiningu Sléttuhrepps við Ísafjarðarkaupstað þó svo að eftir á að hyggja hafi það verið það eina raunhæfa í stöðunni.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 -2020 (norðan Djúps)

Þann 1. janúar 1998 gengu í gildi ný skipulags- og byggingarlög þar sem segir að í aðalskipulagi skuli fjallað um allt land innan marka sveitarfélagsins og marka stefnu um framtíðarþróun viðkomandi sveitarfélags og leggja grunn að deiliskipulagi í samræmi við skipulags og byggingarlög nr. 73/1997.

Að beiðni Ísafjarðarbæjar skipaði LSG þá Erling Ásgeirsson formann LSG og Sölva Sólbergsson varaformann LSG í hóp 28 hagsmunaaðila er komu að einhverjum hlutum skipulagsins eftir því sem við átti. Ferli sem var verkstýrt og undir umsjón skipulagsstjóra Ísafjarðarbæjar og Teiknistofunnar Eik ehf var gagnsætt með mikilli upplýsingagjöf t.d. sótti Sölvi samtals 11. samráðsfundi á Ísafirði. Áður en ferlið hófs sendi stjórn LSG bréf til allra félagsmann þar sem verkefninu var lýst og óskað var eftir hugmyndum og athugasemdum. Einnig var fjallað ýtarlega um málið í stjórn og á þremur aðalfundum ('07,'08,'09). Stjórn LSG sendi ítarlega greinargerð til umsjónaraðilans og skipulagsnefndar Ísafjarðarbæjar og hafði með því veruleg áhrif á framvindu verksins m.a. er samkomulag LSG, Ísafjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar um byggingarleyfi frá því í mars 2004, orðrétt í skipulagsgögnunum.

Leiðarljós

Leiðarljós við gerð Aðalskipulagsins var: Aðalskipulagið viðhaldi gæðum svæðisins, sem fyrst og fremst fellst í lítt spiltri náttúru og menningarverðmætum. Landnýting verði í anda sjálfbærrar þróunnar. Með því er átt við að hægt verði að nýta gæði

svæðisins en þó gæta þess að rýra þau ekki, til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila og komandi kynslóðir.

Um skipulagið

Mönnum er tíðrætt um hvar megi byggja sumarhús í friðlandinu og hvar ekki en því er svarað í Aðalskipulaginu að svo miklu leiti sem það nær til þess atriðis en endanleg ákvörðun kæmi til í deiliskipulagi fyrir hvern bygðakjarna. Megin línan er lögð við það að byggja megi sama fjölda húsa og voru til staðar á árunum 1908 – 1965 sem þýðir verulega fjölgun á sumum svæðum en minna eða ekkert á öðrum.

Aðalskipulag fyrir Ísafjarðarbæ 2008-2020 var síðan samþykkt í Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 4. febrúar 2010. Hjá Skipulagsstofnun 18. mars 2010 og staðfest af umhverfisráðherra Svandísi Svavarsdóttur 31. mars 2010. Rétt er að benda á þá augljósu staðreynd að með sameiningu hreppana norðan Djúps við Ísafjarðarbæ og með samþykkt skipulagsins tókst bærinn þá skyldu á herðar að annast skipulags og byggingareftirlit á svæðinu. Mjög mikilvægt er að þessu sé sinnt af kostgæfni ef ekki á illa að fara. Hin nýja kynslóð eigenda er mjög meðvituð um sinn rétt og virðist tilbúin til að sækja hann af nokkuri hörku.

Lokaorð

Tilgangurinn með stofnun LSG 1973 var „að gæta réttinda félagsmanna innan ofangreindra hreppa“ eins og stendur í 3 gr. í lögnum félagsins. Hvaða réttindi voru það ? Í gögnum og fundargerðum kemur glöggt fram að það var eignarrétturinn á landinu og hlunnindunum eins og menn þekktu til þeirra um miðja tuttugustu öldina. Jarðnæði, reki, mótekja, útræði, rétturinn til eggjatöku í björgunum, dúntekja o.þ.h. var mönnum efst í huga. Í dag liggja ómetanleg verðmæti svæðisins í óspiltri náttúru og friðsæld utan skarkala umheimsins. Verðmæti sem okkur ber að varðveita með öllum tiltækum ráðu. Tímarnir breytast hratt. Nú sigla tugir ef ekki hundruð skemmtiferðaskipa úti fyrir Hornströndum yfir sumartíman. Í vaxandi mæli sækja þau í að ferja farþega á land beint úr skipunum. Lögjöfin um aðgang ferðamanna er því miður það ófullkomin að hún tekur ekki á þessu atriði. Mikil ásókn er í að fljúga með ferðamenn í þyrlum inn á og um svæðið. Vélsleðar eru orðnir ofurfarartæki sem komast nánast um allt svæðið þegar snjóalög eru. Létt fjórhjól sem undanþága ar veitt fyrir til að ferja farangur úr fjöru upp í hús eru nú endurnýjuð með kraftmiklum 6 hjólum er fara léttilega yfir holt og hæðir. Jafnvel reiðhjól geta verið ógn við viðkvæma náttúru svæðisins. Hér verður Umhverisstofnun,Ísafjarðabær og landeigendur að taka höndum saman um að verja þessa verðmætu eign sem friðlandið er. Það stendur ekki á stjórn LSG að koma að málinu. Það er ekki verið að kalla á kostnaðarsamar framkvæmdir. Það er fyrst og fremst eðlilegt uppfærsla á regluverki friðlandsins upplýsingagjöf og eftirlit sem kallað er eftir. Einfaldir hlutir sem allir aðilar eru sammála um að ráðast í hafa því miður dregist árum saman vegna einhverrar tregðu í kerfinu og/eða vegna fjárskorts. Það er mikil ábyrgð fólgin í því að vera trúað fyrir einni helstu nátúruperlu landsins, sem friðlandið á Hornströndum óneitanlega er. Vonandi eru allir hlutaðeigandi aðilar tilbúnir til að axla sinn hluta ábyrgðarinnar.

Garðabæ 21. apríl 2016

Erling Ásgeirsson form. LSG

